

Rannsóknir á seiðastofnum Húseyjarkvíslar árin 2009 og 2010

Karl Bjarnason, Bjarni Jónsson
og Eik Elfarsdóttir



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Forsíðumynd: Húseyjarkvísl


Myndataka: Bjarni Jónsson

VMST/11028

Rannsóknir á seiðastofnum Húseyjarkvíslar árin 2009 og 2010

Karl Bjarnason, Bjarni Jónsson
og Eik Elfarsdóttir

Apríl 2011



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífriki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Inngangur og aðferðir

Árlegar seiðarannsóknir í Húseyjarkvísl fóru fram 2. september 2009 og 26. ágúst 2010. Markmið rannsókna var að kanna seiðabúskap árinna en með rafveiðum má fá upplýsingar um þéttleika seiða, útbreiðslu og ástand þeirra. Samskonar rannsóknir hafa verið gerðar í Húseyjarkvísl á hverju hausti um langt árabil og gefur það tækifæri á að fylgjast með breytingum frá ári til árs. Með slíkum langtímarannsóknum eykst vitneskja um lífríki árinna smám saman og þar með verður auðveldara að ákvarða á hvaða hátt skynsamlegast sé að umgangast hana og nýta.

Rafveitt var á þremur hefðbundnum stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár að undanskildum neðsta rafveiðistaðnum, stað 4, neðan við Glaumbæ. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 96 - 255 m² árið 2009 og 91 - 221 m² árið 2010, minni veiðisvæðin voru þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það að markmiði að fá sem gleggsta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og valdir staðir, eins og kostur er, sem eru einkennandi fyrir hvern árkafla. Einnig var veitt við tvo manngerða grjótgarða, en þar voru veiðisvæðin 28 og 40,5 m² að stærð árið 2009 og 24,5 og 40,5 m² árið 2010. Gerð er grein fyrir niðurstöðum þeirra rannsókna í sérstökum köflum.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðisvæðisins. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðapéttleika en ekki heildarpéttleika: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (tölur 1-3, 15 og 16).

Meðallengd og -þyngd allra laxa- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 4-9 og 17-22). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$. Þar sem aðeins veiddist eitt bleikjuseiði árið 2009 er stærð þess gefið upp í texta en ekki töflu.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (tölur 10-12, 23 og 24).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2010, bæði fyrir hina þrjá hefðbundnu veiðistaði og við grjótgarða (tölur 27-38). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hversrar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (tölur 27-32).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$ (tölur 33-38).

Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Húseyjarkvísl eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd og meðalástandsstuðla allra árganga laxa- og urriðaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2010 (tölur 39-44). Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar fyrir laxa-, bleikju- og urriðaseiði tekin saman fyrir sama árabíl á hefðbundnu veiðistöðunum (tölur 45-47). Þá voru gögn um veiði sumurinn 2009 og 2010 tekin saman (tölur 13,14, 25 og 26, myndir 5 og 8).

Niðurstöður rafveiða á hefðbundnu rafveiðistöðunum 2009

Efsti rafveiðistaðurinn í Húseyjarkvísl er skammt neðan við Reykjafoss (staður 1, mynd 1). Vorgömul laxaseiði reyndust vera í miklu magni og talsvert veiddist af eins árs seiðum. Ekki varð vart við eldri laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Nokkuð fannst af vorgömlum urriðaseiðum og vart varð við eins árs seiði (tafla 3, mynd 4a).

Rétt ofan við brúna hjá Saurbæ er rafveiðistaður (staður 2, mynd 1). Þar veiddust einnig tveir yngstu árgangarnir af laxaseiðum og voru þau vorgömlu í talsvert miklum þéttleika, en aðeins fáein árgömul seiði veiddust (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul urriðaseiði veiddust í nokkru magni, en ekki fundust eldri seiði (tafla 3, mynd 4a).

Rafveitt var við Laugarhyl (staður 3, mynd 1). Árgömul laxaseiði reyndust vera þar í miklum þéttleika og vorgömul í talsverðu magni og tveggja ára laxaseiði fundust einnig en í litlum mæli (tafla 1, mynd 2a). Feiknamikill þéttleiki reyndist vera af vorgömlum urriðaseiðum og talsvert af eins árs urriðaseiðum (tafla 3, mynd 4a). Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 3).

Ekki reyndist unnt að rafveiða neðan við Glaumbæ, á stað 4, að þessu sinni vegna aurburðar.

Niðurstöður rafveiða við grjótgarða 2009

Haustið 2009 var rafveitt við tvo grjótgarða í Húseyjarkvísl og var annar rétt neðan við brúna á ánni við Saurbæ en hinn við Laugarhyl.

Við efri grjótgarðinn, sem er beint á móti bogaskemmu í Saurbæ veiddust fjórir árgangar laxaseiða og voru eins árs seiði í miklum þéttleika og talsvert var af tveggja ára seiðum. Vorgömul og þriggja ára laxaseiði voru hins vegar í litlu magni (tafla 1, mynd 2b). Við þennan grjótgarð veiddist geysimikið af vorgömlum urriðaseiðum og vart var við eins árs seiði (tafla 3, mynd 4b).

Við grjótgarðinn við Laugarhyl veiddust þrjú yngstu árgangar laxaseiða og voru allir í miklum þéttleika, einkum þó þeir tveir yngstu (tafla 1, mynd 2b). Mjög mikið veiddist af vorgömlum urriðaseiðum og eitt árgamalt seiði fannst (tafla 3, mynd 4b).

Magn seiða, stærð og ástand 2009

Þéttleiki vorgamalla laxaseiða á hefðbundnu rafveiðistöðunum var miklu meiri en sést hefur undanfarin ár og árs gömlu seiðin með allra mesta móti. Hins vegar virðist ögn minna af tveggja ára seiðum en áður og ekki fundust eldri seiði (töflur 1 og 27). Grjótgarðarnir sýna eins og áður hve mikilvæg búsvæði þeir eru (töflur 1 og 30).

Laxaseiðin hafa dafnað allvel og er lengd þeirra og þyngd nálægt meðallagi miðað við fyrri ár (töflur 4-5 og 39-40). Sama virðist eiga við um ástand laxaseiðanna eða holdafar sem er yfir viðmiðunarmörkum þótt ástandsstuðullinn sé heldur lægri en meðaltal síðustu ára (töflur 6 og 41). Lífþyngd laxaseiða reyndist mest á stað 3 af hefðbundnu rafveiðistöðunum enda þéttleiki eldri laxaseiðanna mestur þar (tafla 10), en í heild er vísitala lífþyngdar heldur lægri en flest síðustu ár (tafla 45). Lífþyngd laxaseiða við grjótgarðana er eins og áður miklum mun hærri en á hefðbundnu rafveiðistöðunum (tafla 10).

Á hefðbundnu rafveiðistöðunum er þéttleiki urriðaseiða mestur á stað 3 og í samanburði við fyrri ár er þéttleiki vorgömlu seiðanna með mesta móti og magn eins árs seiða í meðallagi (töflur 3 og 29). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða við grjótgarðana er eins og áður mjög mikill (töflur 3 og 32). Engin tveggja ára urriðaseiði eða eldri fundust við rafveiðarnar. Vöxtur og ástand urriðaseiðanna reyndist í meðallagi miðað við fyrri ár (töflur 7-9 og 42-44).

Vísitala lífþyngdar urriðaseiðanna var langmest á stað 3, við Laugarhyl, af hefðbundnu rafveiðistöðunum og einnig mjög mikil við grjótgarðana (tafla 12). Í samanburði við fyrri ár er lífþyngd urriðaseiðanna á hefðbundnu rafveiðistöðunum áþekk tveim síðustu árum (tafla 47).

Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist í rafveiðunum og var það við Laugarhyl, (stað 3). Reyndist það 4,6 cm langt og vóg 0,9 gr.

Veiðin 2009

Metveiði var bæði á laxi og urriða í Húseyjarkvísl sumarið 2009 en þá veiddust 281 lax og 650 urriðar (tafla 13). Fyrri met voru 245 laxar árið 1992 og 644 urriðar árið 2008, en gögn Veiðimálastofnunar um laxveiði í Húseyjarkvísl ná til 1974 og skráning bleikju- og

urriðaveiði ná til 1987 (Guðni Guðbergsson, VMST/09035). Bleikjuveiði hefur aldrei verið mikil í Húseyjarkvísl, en sumarið 2009 veiddust 10 bleikjur. Alls var sleppt aftur í ána 274 löxum, 411 urriðum og 3 bleikjum (tafla 13). Nokkuð fleiri laxahængar en hrygnur veiddust (tafla 14). Mest veiddist af laxi seinni hluta júlí og byrjun ágúst og aftur toppur í byrjun september (mynd 5). Veiði á urriða var nokkuð toppótt, en urriði veiddist allar vikur utan einnar (mynd 5).

Niðurstöður rafveiða á hefðbundnu rafveiðistöðunum 2010

Fyrir neðan Reykjafoss er efsti rafveiðistaðurinn í Húseyjarkvísl (staður 1, mynd 1). Þar var þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða góður og einnig var talsvert af tveggja ára seiðum (tafla 15, mynd 6a). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var einnig góður og tvö árgömul seiði veiddust (tafla 16, mynd 7a).

Rafveitt var fyrir ofan brúna yfir Húseyjarkvísl við Saurbæ (staður 2, mynd 1). Vorgömul laxaseiði reyndust í miklum þéttleika og talsvert var einnig af eins árs seiðum (tafla 15, mynd 6a). Vorgömul urriðaseiði veiddust í talsvert miklu magni, en ekki varð vart við eldri urriðaseiði (tafla 16, mynd 7a).

Við Laugarhyl (staður 3, mynd 1) var þéttleiki eins árs laxaseiða mjög mikill og einnig veiddist mikið af tveggja ára seiðum, en þéttleiki vorgamalla laxaseiða reyndist hins vegar frekar lítill (tafla 15, mynd 6a). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var feykimikill og talsvert veiddist af eins árs urriðaseiðum (tafla 16, mynd 7a).

Ekki var rafveitt á stað 4 fyrir neðan Glaumbæ vegna aurburðar.

Niðurstöður rafveiða við grjótgarða 2010

Rafveitt var við tvo grjótgarða í Húseyjarkvísl, þá sömu og haustið 2009.

Efri grjótgarðurinn er skammt neðan við brúna á ánni við Saurbæ. Þar reyndust allir þrír yngstu árgangarnir af laxaseiðum vera í mjög miklum þéttleika, en mest var þó af vorgömlum seiðum (tafla 15, mynd 6b). Þá var þéttleiki vorgamalla urriðaseiða gríðarlega mikill og nokkuð var af eins árs urriðaseiðum (tafla 16, mynd 7b).

Neðri grjótgarðurinn sem rafveitt var við er við Laugarhyl. Þar reyndist þéttleiki eins árs laxaseiða gríðarlega mikill, talsvert var þar af tveggja ára seiðum en minna af vorgömlum seiðum. Eitt þriggja ára laxaseiði veiddist (tafla 15, mynd 6b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill, en ekki varð vart við eldri árganga (tafla 16, mynd 7b).

Magn seiða, stærð og ástand 2010

Í rafveiðunum haustið 2010 mældist þéttleiki eins árs og tveggja ára laxaseiða talsvert meiri en sést hefur í samantektum síðustu 9 ára á hefðbundnu rafveiðistöðunum. Vorgömlu laxaseiðin eru einnig mjög öflug og á sama tímabili mælist þéttleiki jafnaldra þeirra aðeins einu sinni meiri eða haustið 2009 (töflur 15 og 27). Eins og fyrr sýna grjótgarðarnir hversu mikilvægir þeir eru fyrir seiðabúskapinn (töflur 15 og 30). Vorgömlu laxaseiðin eru með vænna móti meðan eldri árgangarnir eru í meðallagi (töflur 17-18 og 39-40). Ástand þeirra eða holdafar er einnig mjög gott (töflur 19 og 41).

Af hefðbundnu rafveiðistöðunum er vísitala lífþyngdar laxaseiðanna langmest á stað 3 við Laugarhyl (tafla 23), sem byggist á miklum þéttleika eins og tveggja ára laxaseiðanna. Í heild er vísitala lífþyngdar á hefðbundnu rafveiðistöðunum talsvert hærri en mælst hefur undanfarin ár (tafla 45). Eins og áður er lífþyngd laxaseiða við grjótgarðana mun meiri en mælist á hefðbundnu rafveiðistöðunum (tafla 23).

Í rafveiðunum 2010 veiddust eingöngu tveir yngstu árgangarnir af urriðaseiðum og var þéttleiki þeirra áþekkur síðustu árum bæði á hefðbundnu rafveiðistöðunum og við grjótgarðana (töflur 16, 29 og 32). Urriðaseiðin eru aðeins yfir meðallagi í lengd og þyngd miðað við jafnaldra þeirra undanfarin ár og ástand þeirra er einnig gott (töflur 20-22 og 42-44). Af hefðbundnu rafveiðistöðunum var vísitala lífþyngdar urriðaseiðanna langmest á stað 3 við Laugarhól, en í heild er lífþyngd urriðaseiðanna áþekkt síðustu árum (töflur 24 og 47).

Veiðin 2010

Mjög góð veiði var í Húseyjarkvísl sumarið 2010, en alls veiddust 249 laxar og 868 urriðar (tafla 25). Laxveiði sumarsins er sú næstmesta allt frá árinu 1974, sem skrá um laxveiði í Húseyjarkvísl nær til, en metveiði þessa tímabils var sumarið 2009 með 281 veiddan lax. Met var slegið í urriðaveiði, en skráning á urriðaveiði nær til ársins 1987.

Fyrri met var sumarið 2009 með 650 veidda urriða. Sumarið 2010 veiddust 7 bleikjur (tafla 25). Alls var sleppt 231 laxi, 672 urriðum og 5 bleikjum (tafla 25). Af kyngreindum löxum veiddust nokkru fleiri hængar en hrygnur (tafla 26). Vikuleg laxveiði var mest í júlímánuði og síðan vikuna 16. – 22. september, en að öðru leyti dreyfðist veiðin nokkuð jafnt á vikurnar (mynd 8). Vikuleg urriðaveiði var langmest 22. – 28. apríl, en næstar koma vikurnar 15. – 21. apríl og 23. – 29. september (mynd 8).

Umræður

Laxastofnar Húseyjarkvíslar hafa verið sterkir síðustu ár og veiði aukist árlega og sem skilaði metveiði sumarið 2009 eða 281 laxi. Meðalveiði árána 1974 – 2010 eru 115 laxar, en það er sá tími sem veiðiskráningar Veiðimálastofnunar ná til. Sumarið 2010 veiddust 249 laxar sem er næstbesta veiði áðurgreinds tímabils. Seiðarannsóknir haustið 2009 sýndu mjög öflugan seiðabúskap áránnar, og þá sérstaklega tveggja yngstu árganganna. Þessir árgangar skila sér síðan mjög vel á milli ára, eins og kemur fram í niðurstöðum rannsókna 2010, sem sýna mun sterkari árganga eins árs og tveggja ára laxaseiða en sést hefur í mörg undanfarin ár. Þessi mikla fiskgengd í ána og þegar næstum öllum fiskum er sleppt gefur af sér stóran hrygningarstofn, sem væntanlega tryggir áframhaldandi sterka stöðu laxastofnanna.

Ganga seiða úr Húseyjarkvísl vorið 2009 var mjög góð enda gönguseiðin bæði þriggja og fjögurra ára þar sem talsvert varð eftir af þriggja ára seiðum í ánni 2008. Eðlilegar heimtur úr hafi skiluðu því góðu veiðisumri 2010. Samkvæmt seiðarannsóknunum 2009 og 2010, lítur út fyrir að seiðagangan 2010 hafi verið heldur minni. Hins vegar benda rannsóknirnar 2010 eindregið til þess að göngur næstu ár þar á eftir verði mjög öflugar. Samkvæmt því er varla að vænta að laxveiði sumarið 2011 taki fram veiði tveggja síðustu ára, en að hún verði engu að síður góð. Seiðabúskapur áránnar nú gefur hinsvegar væntingar um að ný veiðimet gætu verið slegin á næstu árum.

Metveiði var einnig af urriða í Húseyjarkvísl 2009, sem aftur var slegið sumarið 2010 með 868 urriða og er það fjórða árið í röð sem um og yfir 600 urriðar veiðast í ánni. Útlit er fyrir áframhaldandi góða veiði næstu ár.

Grjótgarðarnir í Húseyjarkvísl hafa sannað gildi sitt fyrir seiðabúskap áránnar, sérstaklega eru þeir mikilvægir fyrir eldri laxaseiðin. Tekist hefur að viðhalda þeim nokkuð vel og

spannar nú reynsla af þeim nálægt 20 ár. Hvergi á landinu hefur búsvæðagerð af þessu tagi verið eins umfangsmikil og spannað jafnlangan tíma, þar sem þeim er bæði viðhaldið og fylgst með árangri af notkun þeirra.

Ástand laxa- og urriðastofna Húseyjarkvíslar er mjög gott og ekkert sem bendir til annars en að framhald sé á því næstu ár. Ekki verður séð að stærð hrygningarstofns laxa sé að valda neikvæðum áhrifum á vöxt seiða eða fjölda gönguseiða úr ánni. Þvert á móti hefur þeim farið fjölgandi. Áður en núverandi veiðifyrirkomulag var tekið upp í ánni var staðan orðin sú að víða voru árgangar laxa þunnskipaðir í ánni. Slíkt heyrir nú sögunni til. Það veiðifyrirkomulag sem verið hefur í ánni undanfarin ár tryggir áframhaldandi vöxt og viðgang fiskistofnanna nema einhver utanaðkomandi skilyrði verði þeim sérstaklega óhagstæð.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl haustið 2009.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	228	25,88	5,26		
Staður 2	255	14,90	1,18		
Staður 3	96	10,42	27,08	3,13	
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	28	7,14	53,57	14,29	3,57
Grjótg við Laugarhyl	40,5	93,83	79,01	22,22	

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl haustið 2009.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	228				
Staður 2	255				
Staður 3	96	1,04			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	28				
Grjótg við Laugarhyl	40,5				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl haustið 2009.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1	228	4,82	0,88			
Staður 2	255	10,98				
Staður 3	96	148,96	6,25			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	28	217,86	3,57			
Grjótg við Laugarhyl	40,5	116,05	2,47			

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,12	0,31	59	7,58	0,89	12						
Staður 2	4,12	0,27	38	7,90	0,36	3						
Staður 3	3,90	0,24	10	6,80	0,63	26	10,07	0,59	3			
Grijótg. f.n Saurbæjarbrú 2	4,30	0,14	2	7,01	0,35	15	11,13	1,05	4	16,00		1
Grijótg. við Laugarhyl	3,81	0,29	38	7,46	0,82	32	11,28	1,05	9			
Samtals	4,03	0,32	147	7,22	0,79	88	11,01	1,04	16	16,00		1

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	0,70	0,17	59	4,56	1,60	12						
Staður 2	0,70	0,15	38	4,90	0,60	3						
Staður 3	0,67	0,19	10	3,35	1,01	26	10,90	1,93	3			
Grijótg. f.n Saurbæjarbrú 2	0,85	0,07	2	3,67	0,57	15	16,25	5,31	4	45,00		1
Grijótg. við Laugarhyl	0,59	0,16	38	4,53	1,56	32	16,00	4,69	9			
Samtals	0,67	0,17	147	4,05	1,40	88	15,11	4,72	16	45,00		1

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	0,99	0,09	59	1,01	0,04	12						
Staður 2	0,99	0,10	38	0,99	0,04	3						
Staður 3	1,11	0,17	10	1,04	0,06	26	1,06	0,09	3			
Grijótg. f.n Saurbæjarbrú 2	1,07	0,02	2	1,06	0,06	15	1,15	0,06	4	1,10		1
Grijótg. við Laugarhyl	1,04	0,10	38	1,06	0,06	32	1,09	0,06	9			
Samtals	1,01	0,10	147	1,04	0,06	88	1,10	0,07	16	1,10		1

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2009. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	18,2	24,0				42,2
Staður 2	10,4	5,8				16,2
Staður 3	7,0	90,7	34,1			131,8
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	6,1	196,4	232,1	160,7		595,4
Grjótg.við Laugarhyl	55,1	358,3	355,6			768,9

Tafla 11: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2009. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1						0,0
Staður 2						0,0
Staður 3	0,9					0,9
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2						0,0
Grjótg.við Laugarhyl						0,0

Tafla 12: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2009. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	3,7	7,1				10,8
Staður 2	7,7					7,7
Staður 3	147,5	29,8				177,3
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	274,6	13,9				288,6
Grjótg.við Laugarhyl	141,2	9,4				150,6

Tafla 13: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2009.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	281	10	650
Sleppt	274	3	411
Afli	7	7	239

Tafla 14: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2009.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	154	115	12	281
Sleppt	152	112	10	274
Afli	2	3	2	7

Tafla 15: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl haustið 2010.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	169	9,47	10,65	4,14	
Staður 2	221	13,12	5,88		
Staður 3	91	3,30	32,97	10,99	
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	24,5	44,90	24,49	20,41	
Grjótg við Laugarhyl	40,5	4,94	113,58	17,28	2,47

Tafla 16: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl haustið 2010.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1	169	8,88	1,18			
Staður 2	221	10,86				
Staður 3	91	89,01	8,79			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	24,5	228,57	8,16			
Grjótg við Laugarhyl	40,5	81,48				

Tafla 17: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,02	0,41	16	7,50	0,67	18	10,90	1,13	7			
Staður 2	4,39	0,21	29	7,18	0,54	13						
Staður 3	4,47	0,15	3	6,93	0,57	30	10,99	0,94	10			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2	4,37	0,34	11	7,32	0,39	6	10,94	0,71	5			
Grjótg. við Laugarhyl	4,75	0,64	2	7,32	0,75	46	11,04	0,84	7	13,90		1
Samtals	4,30	0,35	61	7,23	0,67	113	10,97	0,89	29	13,90		1

Tafla 18: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	0,73	0,24	16	4,71	1,30	18	14,47	4,13	7			
Staður 2	0,95	0,13	29	4,17	0,84	13						
Staður 3	1,00	0,10	3	3,67	0,92	30	15,46	3,88	10			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2	0,95	0,21	11	4,22	0,63	6	15,02	3,03	5			
Grjótg. við Laugarhyl	1,15	0,35	2	4,50	1,45	46	15,61	3,24	7	28,60		1
Samtals	0,90	0,21	61	4,26	1,25	113	15,18	3,50	29	28,60		1

Tafla 19: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,08	0,09	16	1,08	0,08	18	1,09	0,05	7			
Staður 2	1,12	0,08	29	1,12	0,06	13						
Staður 3	1,12	0,02	3	1,08	0,05	30	1,14	0,06	10			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2	1,12	0,08	11	1,07	0,05	6	1,13	0,04	5			
Grjótg. við Laugarhyl	1,06	0,10	2	1,11	0,06	46	1,15	0,05	7	1,06		1
Samtals	1,11	0,08	61	1,10	0,06	113	1,13	0,05	29	1,06		1

Tafla 23: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2010. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	6,9	50,2	59,9			117,0
Staður 2	12,5	24,5				37,0
Staður 3	3,3	121,1	169,9			294,3
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	42,4	103,3	306,5			452,2
Grjótg.við Laugarhyl	5,7	511,1	269,9	70,6		857,3

Tafla 24: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2010. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	10,5	11,8				22,4
Staður 2	13,4					13,4
Staður 3	124,1	52,3				176,4
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	409,4	85,7				495,1
Grjótg.við Laugarhyl	122,7					122,7

Tafla 25: Fjöldi veiddra og sleptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2010.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	249	7	868
Sleppt	231	5	672
Afli	18	2	196

Tafla 26: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2010.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	115	98	36	249
Sleppt	112	92	27	231
Afli	3	6	9	18

Tafla 27: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á stöðvum 1-3. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	3	1050	4,22	7,63	3,56	2,44		17,85
2002	3	1245		0,15	0,57	0,13	0,06	0,91
2003	3	1320	1,91	4,64	3,26	0,69		10,50
2004	3	857	2,74	10,99	1,50			15,23
2005	3	1236	2,92	6,20	0,26			9,38
2006	3	1013	6,47	14,28	2,47			23,23
2007	3	1051	2,01	6,34	3,49			11,85
2008	3	606	7,79	9,03	1,66	0,31		18,78
2009	3	579	17,07	11,17	1,04			29,28
2010	3	481	8,63	16,50	5,04			30,17

Tafla 28: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á stöðvum 1-3. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	3	1050						0,00
2002	3	1245	0,20					0,20
2003	3	1320						0,00
2004	3	857						0,00
2005	3	1236						0,00
2006	3	1013						0,00
2007	3	1051						0,00
2008	3	606						0,00
2009	3	579	0,35					0,35
2010	3	481						0,00

Tafla 29: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á stöðvum 1-3. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	3	1050	9,70	2,22				11,93
2002	3	1245	3,65					3,65
2003	3	1320	23,77	4,85				28,62
2004	3	857	27,17	2,03	0,28			29,48
2005	3	1236	79,00	4,24				83,24
2006	3	1013	58,15	13,96	1,20			73,31
2007	3	1051	27,84	0,75	0,25			28,84
2008	3	606	21,22	2,40	0,67			24,28
2009	3	579	54,92	2,38				57,30
2010	3	481	36,25	3,32				39,57

Tafla 30: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	2	33	16,07	32,74	2,38	16,67		67,86
2002	4	67	9,05	6,93	2,47	16,99		35,44
2003	3	80	9,75	14,06	2,72	1,59		28,12
2004	4	70	17,86	20,99	8,57			47,42
2005	6	100	51,76	27,35	1,49	2,18		82,78
2006	4	57	23,59	36,90	9,74			70,24
2007	6	113	5,93	22,41	35,93	1,73		65,99
2008	5	127	31,77	37,39	19,07	8,99		97,22
2009	2	68,5	50,49	66,29	18,25	1,79		136,82
2010	2	65	24,92	69,04	18,85	1,23		114,03

Tafla 31: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	2	33	2,38					2,38
2002	4	67						0,00
2003	3	80						0,00
2004	4	70						0,00
2005	6	100						0,00
2006	4	57						0,00
2007	6	113						0,00
2008	5	127						0,00
2009	2	68,5						0,00
2010	2	65						0,00

Tafla 32: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	2	33	21,43		8,33			29,76
2002	4	67	100,63	8,57	11,79			120,99
2003	3	80	220,14	22,47	12,27			254,88
2004	4	70	90,63	141,81	22,12			254,56
2005	6	100	367,52	5,65	2,08	0,69		375,95
2006	4	57	334,25	36,45	5,00			375,69
2007	6	113	245,94	21,64	3,40	0,93		271,90
2008	5	127	104,48	21,20	4,97	1,60	0,50	132,74
2009	2	68,5	166,95	3,02				169,97
2010	2	65	155,03	4,08				159,11

Tafla 33: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á stöðvum 1-3. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	3	1050	2,00	4,29	1,71	1,43		9,43
2002	3	1245		0,16	0,72	0,16	0,08	1,12
2003	3	1320	1,89	3,33	1,52	0,45		7,20
2004	3	857	2,10	7,82	0,93			10,85
2005	3	1236	3,24	5,99	0,32			9,55
2006	3	1013	2,67	7,50	2,27			12,44
2007	3	1051	1,81	5,23	2,28			9,32
2008	3	606	6,60	7,43	1,32	0,33		15,68
2009	3	579	18,48	7,08	0,52			26,08
2010	3	481	9,98	12,68	3,53			26,20

Tafla 34: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á stöðvum 1-3. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	3	1050						0,00
2002	3	1245	0,16					0,16
2003	3	1320						0,00
2004	3	857						0,00
2005	3	1236						0,00
2006	3	1013						0,00
2007	3	1051						0,00
2008	3	606						0,00
2009	3	579	0,17					0,17
2010	3	481						0,00

Tafla 35: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á stöðvum 1-3. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	3	1050	4,48	0,95				5,43
2002	3	1245	2,81					2,81
2003	3	1320	14,32	2,05				16,36
2004	3	857	15,99	0,93	0,12			17,04
2005	3	1236	25,16	1,13				26,29
2006	3	1013	21,62	3,75	0,30			25,67
2007	3	1051	19,22	0,48	0,10			19,79
2008	3	606	18,48	1,82	0,50			20,79
2009	3	579	31,43	1,38				32,82
2010	3	481	24,95	2,08				27,03

Tafla 36: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	2	33	18,18	30,30	3,03	12,12		63,63
2002	4	67	8,96	7,46	2,99	19,40		38,81
2003	3	80	16,25	22,50	5,00	1,25		45,00
2004	4	70	35,71	31,43	12,86			80,00
2005	6	100	64,00	35,00	2,00	3,00		104,00
2006	4	57	26,32	45,61	12,28			84,21
2007	6	113	7,08	23,89	34,51	1,77		67,26
2008	5	127	38,58	41,73	19,69	8,66		108,66
2009	2	68,5	58,39	68,61	18,98	1,46		147,45
2010	2	65	20,00	80,00	18,46	1,54		120,00

Tafla 37: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	2	33	3,03					3,03
2002	4	67						0,00
2003	3	80						0,00
2004	4	70						0,00
2005	6	100						0,00
2006	4	57						0,00
2007	6	113						0,00
2008	5	127						0,00
2009	2	68,5						0,00
2010	2	65						0,00

Tafla 38: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2010 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heildarþéttleiki
2001	2	33	18,18		6,06			24,24
2002	4	67	110,45	5,97	11,94			128,36
2003	3	80	197,50	20,00	6,25			223,75
2004	4	70	104,29	122,86	12,86			240,01
2005	6	100	337,00	8,00	3,00	1,00		349,00
2006	4	57	296,49	26,32	3,51			326,32
2007	6	113	217,70	19,47	3,54	0,88		241,59
2008	5	127	104,72	14,17	3,15	0,79	0,79	123,62
2009	2	68,5	157,66	2,92				160,58
2010	2	65	136,92	3,08				140,00

Tafla 39: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2010.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,67	0,67	27	6,39	0,51	55	8,65	0,43	19	10,38	0,61	19	13,5		1
2002	4,32	0,83	6	7,17	0,56	7	8,65	0,57	11	11,52	0,62	15			
2003	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7			
2004	4,52	0,49	42	8,35	0,77	90	11,21	1,22	17						
2005	3,75	0,31	104	7,64	0,71	109	11,87	0,63	6	12,97	0,50	3			
2006	3,75	0,34	42	6,74	0,50	102	11,20	0,66	30						
2007	4,22	0,38	27	7,50	0,55	82	10,98	0,77	63	13,20	0,00	2			
2008	4,21	0,39	89	7,83	0,66	98	11,57	0,76	33	13,62	0,82	13			
2009	4,03	0,32	147	7,22	0,79	88	11,01	1,04	16	16,00		1			
2010	4,30	0,35	61	7,23	0,67	113	10,97	0,89	29	13,90		1			

Tafla 40: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2010.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,52	0,75	6	2,91	0,50	48	7,68	1,83	18	12,39	2,15	19			
2002	0,67	0,22	6	3,93	0,80	7	5,26	1,62	11	16,81	4,01	15	21,30		1
2003	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7			
2004	0,97	0,36	42	6,29	1,64	90	15,84	5,90	17						
2005	0,57	0,16	103	5,05	1,45	109	21,13	4,31	6	27,67	1,96	3			
2006	0,60	0,15	42	3,29	0,73	102	16,11	3,10	30						
2007	0,86	0,23	27	4,68	1,13	82	14,92	3,30	63	25,25	2,47	2			
2008	0,84	0,28	89	5,43	1,46	98	17,56	3,38	33	29,28	6,27	13			
2009	0,67	0,17	147	4,05	1,40	88	15,11	4,72	16	45,00		1			
2010	0,90	0,21	61	4,26	1,25	113	15,18	3,50	29	28,60		1			

Tafla 41: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2010 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,39	0,51	6	1,12	0,15	48	1,17	0,18	18	1,10	0,12	19	1,10	0,12	19
2002	0,93	0,46	6	1,05	0,04	7	0,80	0,13	11	1,09	0,15	15	1,09	0,15	15
2003	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7	1,13	0,07	7
2004	1,02	0,22	42	1,05	0,07	90	1,08	0,09	17	1,27	0,06	3	1,27	0,06	3
2005	1,07	0,14	103	1,10	0,06	109	1,25	0,12	6	1,13	0,09	30	1,13	0,09	30
2006	1,13	0,19	42	1,06	0,06	102	1,11	0,08	82	1,12	0,09	33	1,11	0,08	82
2007	1,13	0,17	27	1,09	0,09	98	1,12	0,09	88	1,10	0,07	16	1,10	0,07	16
2008	1,10	0,17	89	1,11	0,06	113	1,13	0,05	29	1,10	0,07	16	1,10	0,07	16
2009	1,01	0,10	147	1,04	0,06	113	1,13	0,05	29	1,06	0,07	16	1,06	0,07	16
2010	1,11	0,08	61	1,10	0,06	113	1,13	0,05	29	1,06	0,07	16	1,06	0,07	16

Tafla 42: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2010.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,68	0,46	53	7,08	0,42	10	9,50	0,71	8	11,27	0,72	6	13,80	0,95	3
2002	5,16	0,54	109	7,65	0,54	4	9,33	0,71	8	11,27	0,72	6	13,80	0,95	3
2003	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6	11,06	1,08	10	13,80	0,95	3
2004	5,19	0,48	210	6,13	0,50	96	11,06	1,08	10	11,00	0,95	3	13,80	0,95	3
2005	4,34	0,48	648	7,31	1,50	25	11,00	0,95	3	10,02	0,69	6	13,80	0,95	3
2006	4,26	0,46	389	7,86	0,82	58	10,02	0,69	6	11,56	0,46	5	13,60	0,46	5
2007	4,92	0,50	448	8,39	0,62	30	11,56	0,46	5	12,30	0,70	7	14,20	0,70	7
2008	5,18	0,61	246	8,91	0,68	29	12,30	0,70	7	13,60	0,46	5	16,90	0,46	5
2009	4,54	0,48	290	7,70	0,83	10	12,30	0,70	7	14,20	0,70	7	16,90	0,70	7
2010	5,02	0,45	207	8,51	0,91	12	12,30	0,70	7	14,20	0,70	7	16,90	0,70	7

Tafla 45: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2010 á stöðvum 1-3.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	8,9	20,7	29,1	30,7		89,4
2002		0,6	2,7	1,8	1,4	6,4
2003	3,0	27,5	51,9	15,6		98,0
2004	3,0	70,8	20,2			94,0
2005	1,7	33,3	5,7			40,8
2006	4,1	44,8	39,6			88,5
2007	1,7	28,9	49,6			80,2
2008	7,5	52,1	31,3	10,6		101,5
2009	11,9	40,2	11,4			63,4
2010	7,5	65,3	76,6			149,4


Tafla 46: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2010 á stöðvum 1-3.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001*						0,0
2002	0,3					0,3
2003						0,0
2004						0,0
2005						0,0
2006						0,0
2007						0,0
2008						0,0
2009	0,3					0,3
2010						0,0




* eina bleikjan sem veiddist var ekki vigtuð

Tafla 47: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2010 á stöðvum 1-3.



Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	7,8	10,7				18,6
2002	3,5					3,5
2003	46,6	35,3				81,9
2004	47,5	7,8	2,4			57,6
2005	97,0	23,0				119,9
2006	48,4	68,9	12,3			129,7
2007	39,3	5,0	4,7			49,0
2008	33,9	18,1	14,6			66,5
2009	53,0	12,3				65,3
2010	49,3	21,4				70,7




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Húseyjarkvísl






Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2009.





Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2009.




Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Húseyjarkvísl haustið 2009






Mynd 4a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2009.





Mynd 4b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2009.






Mynd 5: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2009.





Mynd 6a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2010.




Mynd 6b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2010.



Mynd 7a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2010.



Mynd 7b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2010.



Mynd 8: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2010.